



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Íbúaráð Breiðholts

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn íbúaráðs Breiðholts um aðkomu sorp- og neyðarbíla við Kötlufell

Á fundi íbúaráðs Breiðholts þann 4. október 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Formanni barst erindi frá íbúa búsettan við Kötlufell en borið hefur ítrekað á því að bílum sé lagt í aðkeyrslu, sem er á borgarlandi, að bílplani þriggja stigaganga þannig að sorp- og neyðarbílar eiga erfitt um vik að komast inn á bílplanið sjálft. Vill ráðið spyrjast fyrir hvort hægt sé að koma upp bráðabirgðamerkingum til að tryggja umferð neyðarbíla að bílplaninu þar til ný reglugerðarbreyting um umferðarmerki og notkun þeirra verður tilbúin, eftir atvikum koma með leiðbeinandi lausnir fyrir íbúa sem búa við Kötlufell til að tryggja aðgengi sorp- og neyðarbíla að bílplaninu.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs þann sama dag.

Svar:

Þessar aðstæður sem eru í Kötlufelli eru á mörgum öðrum stöðum í hverfinu. Beðið er eftir að ný reglugerð um umferðarmerki taki gildi en í henni er umferðarmerki sem merkir svæðið með fullnægjandi hætti en slík merking er ekki í núverandi reglugerð.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri